



**Ávarp
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
við opnun yfirlitssýningar
á verkum
Barböru Árnason
Gerðarsafni
19. apríl 2011**

Góðir sýningargestir

Fyrir okkur sem fyrir um hálfri öld vorum ung að komast í tæri við listalíf þjóðarinnar var Barbara Árnason hálfgerð huldumær, á vissan hátt bundin náttúru landsins, börnum og ævintýrum meira en aðrir sem fengust við galdur lita; rætur hennar af öðrum toga, agaðar af aldagamalli hefð breskra mennta og listsköpunar.

Sú Reykjavík sem birtist Barböru þegar hún kom hingað tuttugu og fimm ára gömul var mörkuð lífsbaráttu sjómanna og bænda; var varla annað en ofvaxið þorp á evrópskan mælikvarða; myndlist og tónlist á engan hátt samofin daglegu lífi; aðeins fáeinir ofurhugar reyndu að hafa viðurværi af listrænni sköpun. Já, og Kópavogur, ef leyfist að segja það á þessum stað, var á þeirri tíð varla meira en fáeinar moldargötur þótt nýlega hefði verið lagður vegur að sumarhúsum og nýbýlum í Fossvogi.

En náttúran, birtan og litirnir voru auðvitað eins og þau höfðu verið frá örófi alda og svo fann hún Magnús hér, heimsmann með æskuslóðir hjá sjósóknurum á Suðurnesjum sem mótaður var af langri dvöl vestanhafs. Hann heillaði afburðanemandann úr Listaháskóla Lundúna þannig og þau hvort annað að á fáeinum dögum voru örlög beggja ráðin.

Barbara og Magnús. Samofin í hugum okkar, í menningarlífi þjóðarinnar en samt sjálfstæðir listamenn hvort um sig; verkin vísa í ólíkar áttir.

Margir hafa glímt við að skýra hvernig sagan og menningin, náttúran og fólkið sjálft spinna þræði listsköpunar, hafa áhrif, móta efnivið í verkum sem um langan aldur lifa með þjóðum.

Í þessum efnum er Barbara Árnason forvitnilegri en margir aðrir.

Hvernig má það vera að þessi breska kona yrði svo næm á perlur íslenskrar ljóðlistar, skáldskap fyrri alda, að hún klæddi Passíusálma Hallgríms Péturssonar í þvílíkan hátíðarbúning að útgáfan með myndum hennar varð dýrgripur á heimilum Íslendinga?

Hvernig tókst henni að láta okkur sjá fuglana í nýju ljósi, jafnvel gera heimkynni æðarfuglsins að ævintýri?

Hvers vegna nam hún andlitsdrætti íslenskra barna betur en aðrir og dró á þann hátt fram svipmót þjóðar?

Hvers vegna urðu sögurnar með myndum hennar kjörgripir æskufólksins, lesnar og skoðaðar aftur og aftur? Var það ekki einmitt vegna þess að teikningarnar drógu fram töfra og leyndardóma sem bjuggu í textanum?

Hvernig tókst henni að hafa á sinn hljóðláta og hógværa hátt svo víðtæk áhrif?

Jafnvel Vesturbæinn, gamlan og gróinn, gerði hún að vettvangi nýrra tíma. Myndirnar í Apótekinu voru vísbending um óvænta sýn, einfaldar en samt svo sterkar að þær sátu fastar í minni löngu eftir að meðulin höfðu gert sitt gagn. Litaglaður leikur í veggmyndum Melaskóla hefur fylgt æskufólki þessa bæjarhluta alla ævi, aukið náminu listrænt veganesti.

Spurningarnar sem ég áður nefndi geta leikið um huga okkar þegar við göngum hér um sali og njótum sýningar sem heiðrar Barböru þegar hundrað ár eru liðin frá fæðingu hennar. Við getum glaðst yfir því að Ísland eignaðist þessa huldukonu sem gaf okkur svo margt, jók nýjum víddum við íslenska list.

Fyrir okkur sem höfum notið þeirra forréttinda að kynnast Mexíkó er líka skemmtilegt að hugleiða galdurinn sem Barbara fann í litum og sólbirtu, mótsögnum og ólgu þessa fjarlæga lands sem ættbálkar frumbyggja og aðfluttir Spánverjar gerðu að töfraveröld.

Hvers vegna heillaðist hin bresk-íslenska listakona af Mexíkó? Og hvaða áhrif höfðu öll þessi ferðalög og ólíkir dvalarstaðir á listsköpun hennar, hvort sem það voru Grímsey, Papey eða Seylon, nú Srí Lanka, Hólar í Hjaltadal, Djúpavík, Kóngsbakki, Hekluslóðir, París eða Róm; nú eða Kársnesbrautin hér í Kópavogi – allt heimkynni og dvalarstaðir

Barböru og Magnúsar um lengri eða skemmri tíma; þau voru kannski víðförlari en flestir ef ekki allir samlandar á þeirri tíð.

Það er þó efniviður í aðra umræðu að velta þessum ferðalögum fyrir sér en þau eru til vitnis um forvitnilega ævi Barböru.

Allt þetta getum við svo sannarlega hugleitt þegar við njótum þessarar frábæru sýningar. Ég þakka Listasafni Kópavogs fyrir að heiðra Barböru Árnason á þennan hátt og færi um leið fjölskyldu hennar góðar óskir okkar allra.